

Fundarnúmer:	564
Dagsetning:	20.10.2008
Tími:	10:00
Staður:	Fundarsalur Ráðhúss

Dagskrá:

1. Málefni hitaveitu. Viðræður við forstöðumann tæknideildar.
2. Aðalfundarboð Grettistaks ses..
3. Skólaakstur. Greint frá viðræðum við bílstjóra.
4. Drög að reglum um rjúpnaveiði haustið 2008.
5. Ársskýrsla Byggðasafns Húnvetninga og Strandamanna 2007.
6. Fundargerð Heilbrigðisnefndar Norðurlands vestra.
7. Fundarboð. Fundur sveitarstjórna með þingmönnum Norðvesturkjördæmis.
8. Fundargerð stjórnar SSNV frá 30. september sl.
9. Drög að starfsreglum um starfsmannaráðningar hjá Húnaþingi vestra.

Afgreiðslur:

1. Forstöðumaður tæknideildar mætir á fundinn til viðræðna við byggðarráð um málefni hitaveitu. Forstöðumaður tæknideildar leggur fram tillögu um breytingu á gjaldskrá hitaveitu Húnaþings vestra vegna tengigjalda í hesthúsahverfi. Byggðarráð er sammála um að vísa ákvörðun um tillöguna til gerðar fjárhagsáætlunar og jafnframt að fresta lagningu hitaveitu í hesthúsahverfi til ársins 2009
2. Lagt fram aðalfundarboð Grettistaks ses. sem haldinn verður 30. okt. 2009. Byggðarráð samþykkir að tilnefna Guðnýju Helgu Björnsdóttur sem aðalman í stjórn og Friðrik Jóhannsson til vara.
3. Formaður byggðarráðs greindi frá viðræðum við skólabílstjóra um breytingu á samningum um skólaakstur. Í samningnum er gert ráð fyrir útreikningi verðbóta tvisvar á ári en byggðarráð samþykkir að útreikningur verði mánaðarlega og að báðir samningar verði miðaðir að öllu leyti við neysluvísitölu.
4. Lögð fram drög að reglum um rjúpnaveiði haustið 2008. Veiðimenn með lögheimili í Húnaþingi vestra greiði kr. 4.000 en aðrir kr. 6.000. Byggðarráð samþykkir framkomin drög. Elín R. Líndal telur að gjald eigi að vera það sama fyrir alla veiðimenn.
5. Lögð fram til kynningar ársskýrsla Byggðasafns Húnvetninga og Strandamanna 2007.
6. Lögð fram til kynningar fundargerð Heilbrigðisnefndar Norðurlands vestra frá 07.10.2008.
7. Lagt fram fundarboð sveitarstjórna með þingmönnum Norðvesturkjördæmis 24. 10.2008.
8. Lögð fram til kynningar fundargerð stjórnar SSNV frá 30. september 2008.
9. Lögð fram drög að verklagsreglum um starfsmannaráðningar hjá Húnaþingi vestra. Samþykkt að vísa reglunum til afgreiðslu sveitarstjórnar með áorðnum breytingum. Samþykkt að taka á dagskrá.
10. Sveinn Benónýsson mætir á fundinn til viðræðna við byggðarráð. Sveinn kynnti fyrirhugaða söngvarakeppni Norðurlands, sem haldin verður í Húnaþingi vestra 23. janúar 2009. Gert verður ráð fyrir að þátttökugjöld standi undir kostnaði við söngvarakeppnina.

Fundargerð upplestin og samþykkt. Fundi slitið kl. 11:55

Elín R. Líndal(sign.), Guðrún Ragnarsdóttir(sign.),

Guðný Helga Björnsdóttir(sign.), Heimir Ágústsson(sign.).

Áheyrnarfulltrúi:

Oddur Sigurðarson(sign.).